


Alþingi
Erindi nr. P 131/786
komudagur 10.1.2005



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. febrúar 2005
Tilvísun: 2005020073 PS/--

Alþingi
Allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 4. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002 um útlendinga, þ.e. 1. mgr. 11. gr. og 15. gr. laganna. Lúta þær breytingar, sem lagðar eru til, að skilyrðum til veitingar dvalarleyfis og búsetuleyfis. Ekki eru hins vegar lagðar til breytingar sem fela í sér reglur um vinnslu persónuupplýsinga. Þar sem starfssvið Persónuverndar snýr að slíkri vinnslu, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. forstjóra Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'Þ'.

Þórður Sveinsson
lögfræðingur